



Lyfjanefnd Landspítala - fundargerð

Fundur nr.: 6/2025

Dagsetning: 2. apríl 2025

Fundartími: 11:00 - 12:30

Staðsetning: Engey, Eiríksstöðum og Teams

Viðstödd: *Aðalmenn*

Eva Ágústsdóttir (varamaður PSG), Guðríður K Þórðardóttir (varamaður GBJ), Guðrún I Gylfadóttir (varamaður AJ), Hlíf Steingrimsdóttir, Sif Sumarliðadóttir (varamaður GG) og Örvar Gunnarsson

Varamenn

Agnes Smáradóttir

Starfsmenn

Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir

Fjarverandi: Arnþrúður Jónsdóttir, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Gerður Gröndal, Gylfi Óskarsson, Pétur S Gunnarsson, Ragnar Grímur Bjarnason og Signý Vala Sveinsdóttir

Gestir: Sigurdís Haraldsdóttir og Sif Hansdóttir

Fundarstjóri: Hlíf Steingrimsdóttir

Fundarritari: Dóra Guðrún Pálsdóttir

1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

2) Fundargerð nr. 5/2025

Fundargerðin samþykkt

3) Sjúkratilfelli

Umfjöllun ekki birt

4) Umsagnir um greiðsluþátttöku

Elranatamab (Elrex fio) – nýtt lyf

Óskað er eftir umsögn lyfjanefndar um greiðsluþátttöku fyrir lyfið elranatamab (Elrex fio) sem ætlað er sem einlyfjameðferð hjá fullorðnum sjúklingum með mergæxli sem eru endurkomin eða svara ekki meðferð og sem hafa fengið að minnsta kosti þrjár fyrri meðferðir, þ. á m. með ónæmistemprandi lyfi, próteasómhemli og mótefni gegn CD38 og hafa sýnt versnun sjúkdómsins í síðustu meðferðinni.

Gert er ráð fyrir að 3-5 sjúklingar hefji meðferð árlega. Lyfið er lagt klínískt að jöfnu við teclistamab (Tecvayli) og hagstæðasti kosturinn að jafnaði valinn. Því er ekki um kostnaðarauka að ræða.

Greiðsluþátttaka hefur verið samþykkt í Svíþjóð, með skilyrðum, og Noregi en hafnað í Danmörku vegna samningsmála.

Mælt er með því að greiðsluþátttaka verði samþykkt

EÁ mætti til fundar kl. 11:40

Samþykkt milli funda

Ritlecitinib (Litfulo) – nýtt lyf – endurskoðuð umsögn

Umsögn um greiðsluþátttöku var afgreidd á fundi nr. 16/2024 og var þá mælt með að greiðsluþátttöku yrði hafnað. Síðar var samið um verð í kjölfar útboðs og óskað eftir endurskoðun umsagnar. Niðurstaða lyfjanefndar er þó óbreytt.

5) Önnur mál

Fundi slitið kl. 11:48